

---

## Breyting á starfsleyfi Fiskeldis Matorku í Fellsmúla, Rangárþingi ytra Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 INNGANGUR

Þann 3. desember 2020 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fiskeldi Matorku ehf. um fyrirhugaða breytingu á starfsleyfi eldisstöðvar í Fellsmúla, Rangárþingi ytra. Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings ytra, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar.

### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning Matorku vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsleyfi í Fellsmúla, Rangárþingi ytra. Fyrirspurn um matsskyldu. Matorka, nóvember 2020.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Rangárþingi ytra með tölvupósti dags. 14. janúar 2021.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 15. janúar 2021.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 12. janúar og 10. mars 2021.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 11. desember 2020.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 21. desember 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 15. desember 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 21. desember 2020 og 26. janúar 2021.

### 3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

#### Forsaga

Fiskeldisstöðin að Fellsmúla í Landsveit við bakka Minnivallalækjar hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum árin 2012 og 2015. Skipulagsstofnun tók ákvörðun um hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á 100 tonnum af bleikjuseiðum og 250 tonnum af borra á ári árið 2012 og síðar framleiðslu á allt að 350 tonnum af bleikju-, lax-, regnboga- og borrhaseiðum árið 2015. Í bæði skiptin var ákvörðun Skipulagsstofnunar að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

#### Framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að sú breyting sem nú sé áformuð felist í breytingu á hámarksgildi losunar á köfnunarefni (N). Í núverandi starfsleyfi skal magn köfnunarefnis ekki fara yfir 20 kg fyrir hvert framleitt tonn og miðast þau losunarmörk við eldi á borra. Nú eru laxfiskar í eldi í stöðinni og er fóðurnotkun á milli þessara tegunda ólík og þar með losun



næringarefna frá eldinu. Framkvæmdaraðili sækist því eftir að skilgreind losunarmörk í starfsleyfi verði hækkuð í 60 kg af köfnunarefni fyrir hvert framleitt tonn. Mælingar hafa sýnt að efnismagn losunar köfnunarefnis hefur farið yfir mörk núgildandi starfsleyfis og telur framkvæmdaraðili ekki hægt að halda losun innan þeirra marka sem nú er kveðið á um í leyfinu.

## 4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fiskeldis Matorku og umsögnum umsagnaraðila.

### Áhrif á vistkerfi Minnivallalækjar sem viðtaka

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að frárennsli umræddrar fiskeldisstöðvar fari í Minnivallalæk sem renni rösklega 8 km leið í Þjórsá, skammt ofan við fossinn Búða. Minnivallalækur er um 13 km langur lindarlækur og allur fiskgengur frá ósi í Þjórsá að upptakalindum. Rennsli lækjarins sveiflast lítið og er að jafnaði um 3 m<sup>3</sup>/s. Minnivallalækur er frjósamur, hefur háa rafleiðni og vatnshiti er tiltölulega stöðugur, hefur mælst á bilinu 4,9 til 12,4°C<sup>1</sup>. Í Þjórsá og þverám hennar eru stórir stofnar laxa og urriða, auk smærri bleikjustofna, en í Þjórsá gengur einn stærsti laxastofn á Íslandi<sup>2</sup>.

Fram kemur að setpró fyrir frárennsli hafi verið byggð fyrir um 6 árum. Þróin er um 2,5 m á dýpt, yfirbyggð og flæðir eldisvatn úr kerum inn í þróna á einum stað og á milli hólfa. Setþróin er þrískipt og endar affall hennar út í Minnivallalæk. Áður en vatnið fer út í Minnivallalæk, liggur leið þess í gegnum rist, sem varnar því að seiði sleppi. Grugg og lífrænn úrgangur safnast saman í botni setþróarinnar sem er tæmd reglulega með haugsugu. Vatnstaka fyrir fiskeldið er annars vegar úr lindarsvæði undan Skarðsfjalli og hins vegar úr brunnum og borholum á lóð fiskeldisstöðvarinnar. Rennsli frá fiskeldisstöðinni er að hámarki 200 L/s.

Fiskistofa telur að fara verði varlega í umgengni við Minnivallalæk, m.t.t. losunar á uppleystum næringarefnum og sammögnun með landbúnaði á svæðinu. Fiskistofa telur að það þurfi að liggja fyrir mat á hugsanlegum áhrifum aukinnar losunar uppleystra lífrænna efna á lífríki Minnivallalækjar áður en starfsleyfi verði breytt.

Umhverfisstofnun tekur undir að talsverður munur sé á næringarefnainnihaldi í fóðri borra og laxfiska og bendir á að í nýjum starfsleyfum Umhverfisstofnunar fyrir eldi á laxfiskum eru mörk á losun köfnunarefnis 60 kg fyrir hvert tonn og 7 kg fosfór fyrir hvert tonn þegar frárennslið er losað í ferskvatn. Umhverfisstofnun telur að breyting losunarmarka í samræmi við ákvæði annarra starfsleyfa fiskeldisstöðva sem ala laxfiska og losa frárennsli í ferskvatn sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Ákvæði í breyttu starfsleyfi mun kveða á um að rekstraraðili tryggi viðunandi hreinsun frárennslisvatns með settjörn, tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði. Hreinsun frárennslis og losun næringarefna verður áfram vöktuð í eftirliti stofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnun bendir á að greiningarmörk heildar köfnunarefnis sem gefin eru upp í fylgiskjali frá Matorku eru 25–50 sinnum hærra en styrkur köfnunarefnis í ferskvatni. Svipaða sögu er að segja um greiningarmörk heildar forsíors sem eru 5–30 sinnum hærra en styrkur algengasta efnaforms fosfórs í ferskvatni. Stofnunin leggur til að sýnataka og efnagreiningar verði framkvæmdar aftur og efnagreiningar verði gerðar með öðrum aðferðum sem hafa lægri greiningarmörk en koma fram í framlögðum efnagreiningarskýrslum. Hafrannsóknastofnun telur ástæðu til að meta hvaða áhrif aukin ákoma áburðarefna komi til með að hafa á lífríki

<sup>1</sup> Magnús Jóhannsson, 2009. Mat á búsvæðum laxfiska í Minnivallalæk. Skýrsla Veiðimálastofnunar VMST/09002. 6 bls.

<sup>2</sup> Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2020. *Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2019*. HV 2020-36: 44 bls.



Minnivallalækjar auk þess sem stofnunin mæli eindregið með því að tromlusía sé á fráveitu frá eldisstöðinni.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að útreikningar eða mælingar á köfnunarefni og fosfór eru framkvæmdar eftir kröfum Umhverfisstofnunar með tilvísun í reglugerð þar um. Öll sýni sem tekin eru til efnagreininga eru send til vottaðrar rannsóknastofu sem er viðurkennd af eftirlitsaðilum. Á landbúnaðarsvæðinu við Minnivallalæk ofan við fiskeldið eru tún sem liggja að ánni alls um 55 ha að stærð. Almennt er ráðlagt að dreifa 120 kg af köfnunarefni (N) á hvern hektara af túni, sem gerir um 6.6 tonn á ári sem dreift er á túnin ofan við fiskeldið en þá er ótalið það magn sem dreift er á önnur tún við ána neðan við fiskeldið eða nágrenni við læki sem falla síðan í Minnivallalæk. Heildarlosun á köfnunarefni frá fiskeldinu er um 400 kg á ári. Mælingar sýna að fiskeldið í Fellsmúla hefur ekki áhrif á magn köfnunarefnis í viðtaka þar sem enginn mælanlegur munur er á viðtaka eftir að frárennsli fellur í hann.

Í viðbótarumsögn Hafrannsóknastofnunar bendir stofnunin á að greiningarmörkin sem notuð voru við efnagreiningar á sýnum frá Fellsenda eru það há að ekki er hægt að greina hvort vatn úr Minnivallalæk tilheyrir umhverfisflokki I eða II. Ekki er hægt að fullyrða að frárennsli frá fiskeldinu í Fellsenda hafi ekki áhrif á magn köfnunarefnis í viðtaka þar sem enginn mælanlegur munur sé á Minnivallalæk fyrir ofan og neðan við frárennsli frá eldisstöðinni, þar sem mælingarnar sem liggja fyrir eru ekki nægilega nákvæmar til þess. Ekki er verið að gagnrýna tíðni eða framkvæmd sýnatöku, einungis verið að benda á að nauðsynlegt sé að nota nægilega nákvæmar aðferðir við efnagreiningu. Bendir Hafrannsóknastofnun á að það er á ábyrgð þess sem biður um rannsókn að greina frá óskum sínum um næmni greiningaraðferða. Mælt er með að nota það næmar efnagreiningar að hægt sé að greina náttúrulegan styrk efnanna sem um ræðir. Að minnsta kosti skal miða við að mæla styrk efnanna með greiningamörkum sem duga til að segja til um í hvaða umhverfisflokki vatnið er.

Fram kemur í umsögninni að þrátt fyrir gagnrýni Hafrannsóknastofnunar, sem snýr að aðferðum við efnagreiningar og oftúlkun gagna um efnastyrk, er ekki verið að segja að sú næringarefnalosun sem áætluð hefur verið frá fiskeldisstöðinni við Fellsmúla, muni hafa veruleg og neikvæð áhrif á Minnivallalæk. Raunar eru 400 kg af köfnunarefni á ári lítil viðbót við það köfnunarefni sem er í straumvötnum á Íslandi.

## 5 SKIPULAG OG LEYFI

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi og reglugerð um fiskeldi.

## 6 NIÐURSTAÐA

Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu 350 tonna framleiðslu af bleikju-, lax-, regnboga- og borrhaseiðum frá árinu 2015. Um er að ræða breytingu á áður nefndri framkvæmd sem felst í því að hækka losunargildi köfnunarefnis í starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir eldi Matorku í Fellsmúla. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum. Þessi ákvörðun Skipulagsstofnunar tekur eingöngu til mögulegra áhrifa af aukningu losunargildis köfnunarefnis á Minnivallalæk og lífríki hans.



## Eðli og staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, sammögnunaráhrifum með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun og mengun, sbr. 1. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar, svo sem verndarákvæðum og álagsþols náttúrunnar með tilliti til kjörlenda dýra, sbr. 2. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Fyrir liggur að við breytingar á losunargildum köfnunarefnis skv. starfsleyfi kann magn uppleystra næringarefna í frárennsli að aukast. Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð breyting losunargildis köfnunarefnis sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, að því gefnu að hreinsun frárennslis verði með fullnægjandi hætti líkt og kveðið verður á um í endurútgefnu starfsleyfi. Að sama skapi bendir Hafrannsóknastofnun á að sú losun köfnunarefnis sem átti sér stað árið 2019 frá eldisstöðinni sé í raun lítil viðbót við það magn köfnunarefnis sem er í straumvötnum á Íslandi en stofnunin bendir á að gera þarf efnagreiningar með öðrum aðferðum sem hafa lægri greiningarmörk en koma fram í framlögðum efnagreiningarskýrslum. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Hafrannsóknastofnunar um að nota þurfi það næmar efnagreiningar að hægt sé að greina náttúrulegan styrk efnanna sem um ræðir og að hægt sé að segja til um í hvaða umhverfisflokki vatnið er. Stofnunin telur brýnt að í starfsleyfi sé kveðið á um tilhögun og nákvæmni vöktunar á losun næringarefna í Minnivallalæk, auk þess sem Skipulagsstofnun tekur undir með Hafrannsóknastofnun að tromlusía eða sambærilegur hreinsibúnaður þurfi að vera hluti af hreinsikerfi fráveitu eldsstöðvarinnar.

Samlegðaráhrif vegna næringarefna í frárennsli s.s. köfnunarefnis á lífríki Minnivallalækjar með annarri starfsemi á svæðinu eru ekki þekkt. Ekki er vitað hver er heildarlosun köfnunarefnis í viðtakann Minnivallalæk, þegar horft er til ofangreindra áforma, fyrirhugaðrar uppbyggingar verslunar- og þjónustu í grennd, auk þess sem líklegt er að frárennsli frá sumarhúsabyggð við bakka Minnivallalækjar renni að einhverju leyti í sama viðtaka. Í stöðuskýrslu um vatnasvæði Íslands frá árinu 2013<sup>3</sup> kemur fram að niðurstöður bendi til þess að í framræsluskurðum og lækjum á landbúnaðarsvæðum sé styrkur köfnunarefnis yfir náttúrulegum styrk efnisins<sup>4</sup>. Þetta gefi tilefni til að skoða vatnshlot með mjög hátt hlutfall þekju landbúnaðarlands af vatnasviði sínu í þeim tilgangi að kanna frekar tengsl milli þekju landbúnaðarlands og næringarefnalosunar<sup>5</sup>. Skipulagsstofnun telur að með tilliti til samlegðaráhrifa eigi að vera hægt að koma í veg fyrir að gengið verði of nærri álagsþoli náttúrunnar með virkri vöktun á viðtaka, þ.e. Minnivallalæk og þ.a.l. lífríki hans með þeim skilyrðum sem Umhverfisstofnun hefur boðað í endurskoðuðu starfsleyfi, sem tryggja eiga viðunandi hreinsun frárennslisvatnsins.

## Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á áhrifum skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa einkum með tilliti til: umfangs áhrifanna og fjölbreytileika þeirra, hverjar líkur eru á áhrifum, samlegðaráhrifum og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tölul. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Í ljósi þess sem að framan hefur verið rakið telur Skipulagsstofnun að áhrif hækkaðs losunargildis köfnunarefnis felist einna helst í mögulegum áhrifum frárennslis á lífríki Minnivallalækjar og sér í lagi með tilliti til samlegðaráhrifa með annarri starfsemi sem losar frárennsli í ána, eða með

<sup>3</sup> Stöðuskýrsla fyrir vatnasvæði Íslands - Skipting vatns í vatnshlot og mat á helsta álagi af starfsemi manna á vatns. Umhverfisstofnun 2011.

<sup>4</sup> Björn Þorsteinsson, Arngrímur Thorlacius og Þorsteinn Guðmundsson 2013. Erindi flutt á ráðstefnu um umhverfismengun á Íslandi, vatn og vatnsgæði sem var haldin 22. mars 2013 á Nauthóli í tilefni af degi vatnsins (<http://www.matis.is/um-matis/frettir/nr/3728>).

<sup>5</sup> María J. Gunnarsdóttir, 2005. *Neysluvatnsgæði og vatnsvernd*. Háskóli Íslands, Meistaraverkefni í umhverfisfræðum. Febrúar 2005.



óbeinum hætti, s.s. vegna áburðarnotkunar á landbúnaðarlandi. Nokkur óvissa er um áhrif fyrirhugaðrar heildarlosunar á svæðinu en Skipulagsstofnun telur að með skýrum ákvæðum um hreinsun frárennslis frá fiskeldisstöð Matorku í endurnýjuðu starfsleyfi Umhverfisstofnunar og með virkri vöktun viðtakans, sé ekki líklegt að hækkun losunargildis köfnunarefnis komi til með að hafa neikvæð áhrif á lífríki Minnivallalækjar.

#### **Ákvörðunarorð**

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 26. apríl 2021.

Reykjavík, 19. mars 2021.

Jakob Gunnarsson

Jón Smári Jónsson